



# Knörrinn - hafið - síldin

Samvinnuverkefni Norðmanna og Íslendinga í menningar-  
tengdri ferðapjónustu, atvinnu- og byggðapróun.

Framkvæmdastjórar verkefnisins:

Sigurbjörg Árnadóttir, Lækjargötu, 600 Akureyri [sibbaa@internet.is](mailto:sibbaa@internet.is)

Stein Malkenes, Florø, Noregi [stein.malkenes@laura.no](mailto:stein.malkenes@laura.no)



**Samvinna er hafin** um skipulagningu og markaðssetningu menningartengdar ferðapjónustu á Íslandi og í Noregi.

Verkefnið byggist á sameiginlegri sögu frændþjóðanna. Annars vegar er það uppruni Íslendinga og landnám Íslands og hinsvegar ríkuleg reynsla beggja þjóða í síldveiðum á seinni öldum þar sem síldin var grundvöllur efnahagslífsins og nútíma velmegunar.

Ætlunin er að draga sameiginlega sögu fram í dagsljósið og gera hana sýnilega. Með ferðalögum milli landanna og heimsóknum á sögustaði styrkjum við sjálfsvitund þjóðanna og aukum samvinnu á alþjóðavísu. Það leiðir síðan af sér aukna þekkingu annarra þjóða á norrænni sögu og sérkennum.



*Stytta Ingólfs Arnarsonar og bautasteinninn sá sem Ingólfur reisti í Rivedal í Noregi áður en hann hélt til Íslands.*

Á Íslandi er talað um tvö landnám, fyrst þegar norskir og aðrir norrænir menn settust að á Íslandi á 9.-10. öld, og í annað sinn 1000 árum síðar þegar Norðmenn komu til síldveiða á Íslandsmiðum, reistu síldarstöðvar og kenndu Íslendingum að veiða og verka síld. Árið 1262 lauk fyrra sjálfstæðisskeiði Íslendinga er þeir gengu Noregskonungi á hönd og um aldir lutu Norðmenn og Íslendingar Dönum eða frá 1380. Og enn er margt líkt með skyldum þar sem þessar þjóðir öðluðust fullt frelsi og sjálfstæði á tuttugustu öld í kjölfar mikilla “síldarævintýra” í báðum löndum.



*Gulapingið. Þar standa nú yfir miklar framkvæmdir, verið er að bæta aðgengi og koma upp þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn.*

Íslendingar vilja þekkja uppruna sinn og heimsækja þær slóðir sem þeir eru upprunnir frá. Á vesturströnd Noregs úir og grúir af sögulegum minjum allt frá landnámstíma:

- Þar er Gulapingið sem er fyrirmynd Alþingis.
- Ingólfur Arnarson kom frá Rivedal við Dalsfjörð.
- Atli jarl bjó á Osen við Dalsfjörð.
- Í Egils sögu er talað um síldina í Sunnfjord.
- Snorri Sturluson átti rætur að rekja á vesturströnd Noregs.
- Gísli Súrsson var frá Surnadal.
- Í Dale við Dalsfjörð var ein helsta síldartunnuverksmiðjan sem framleiddi tunnur í milljónavís fyrir Íslendinga.
- Í Florø er árlega haldin mikil síldarhátíð, Síldarborðið í Florø.
- Hverfisteinarnir okkar komu frá Hyllestad.
- Norræna upplýsingamiðstöðin er á Dalsåsen við Dalsfjörð.
- Oddleif Fagerheim, þingmaður á norska Stórþinginu sem hjó á hnútinn í þorskastríði Íslendinga og Englendinga bjó í Dale við Dalsfjörð.
- Norræni alþjóðlegi menntaskólinn stendur við Dalsfjörðinn.



## Norðmenn hafa mikinn áhuga á að kynna sér sögu Norðmanna á Íslandi:

- Landnámsbærinn í Aðalstræti.
- Reykjavík og aðrir viðkomustaðir Ingólfs á Íslandi, frá Ingólfshöfða til Reykjavíkur, Reykjanesi, í Hvalfirði og Þingvallasveit.
- Í Reykholti í Borgarfirði skrifaði Snorri Sturluson Heimskringlu.
- Ísafjörður, Siglufjörður, Akureyri og Seyðisfjörður með sína norsku sögu.
- Síldarminjasafnið á Siglufirði fjallar m.a. um áhrif Norðmanna á Íslandi og þar er hátíðin „Síldarævintýrið” haldin á hverju sumri.
- Í mynni Seyðisfjarðar er Dalatangaviti sem er eini vitinn á Íslandi sem byggður var af einkaaðila, Norðmanninum Otto Wathne.
- Norðmaðurinn Olav Forberg var fyrsti forstjóri Landssímans árið 1906 og Norðmennirnir 300 sem lögðu símalínuna komu flestir frá Sogni og Fjörðum.
- „Af norskum rótum” er bók um norsk hús á Íslandi og áhrif norskrar byggingarlistar á Íslandi. Sumarið 2005 verður sett upp farandsýning um þessi norsku áhrif.



*Síldarminjasafnið á Siglufirði.*

Norðmenn og Íslendingar tala um síldarævintýri sín með glampa í augum.

Síldveiðar í Norðurhöfum eiga sér a.m.k. þúsund ára sögu. Á miðöldum var síldin ein helsta auðsuppspretta margra Evrópuþjóða. Þekking og tækni við veiðar og vinnslu síldarinnar fluttist frá einni þjóð til annarrar. Hollendingar, Englendingar, Skotar, Írar, Þjóðverjar, Svíar, Norðmenn, Íslendingar – allir auðguðust á síldinni.

Noregur er sem heimaland hins mikla síldarstofns sem við höfum kallað norsk-íslenska síldarstofninn. Norðmenn hafa um aldir verið hin mikla síldarþjóð og voru frumkvöðlar í síldveiðunum við Ísland á seinni hluta 19. aldar og aftur í byrjun þeirrar 20. Segja má að þeir hafi kennt Íslendingum að veiða síldina og skapa úr henni verðmæta söluvöru. Norskir útgerðar- og síldveiðimenn höfðu þannig gífurleg áhrif í mótun nýrra atvinnuhátta á Íslandi og myndun þéttbýlis norðanlands og austan. Stærstu og frægustu síldarbæirnir voru Seyðisfjörður og Siglufjörður. Auk síldveiðanna stunduðu Norðmenn einnig miklar þorskveiðar og hvalveiðar á Íslandsmiðum og reistu margar hvalstöðvar austanlands og vestan. Ísafjörður er einn þeirra staða þar sem Norðmenn höfðu lengi bækistöðvar.



*Í skerjagarðinum í Florø. Báturinn á myndinni var annar tveggja sem heimsóttu Seyðisfjörð og Siglufjörð sumarið 2004.*





*Norskur byggingarstill setur sterkan svip á Seyðisfjörð.*

## Staða verkefnisins.

- Á fundi framkvæmdastjóra verkefnisins með Svein Ludvigsen sjávarútvegsráðherra Noregs á Siglufirði 2004, fól ráðherrann Stein Malkenes að koma með hugmyndir að verkefni sem þjóðirnar gætu unnið saman, þar sem byggt væri á sameiginlegum arfi.
- Innovasjon Norge hefur lagt umtalsverða fjármuni í verkefnið og fleiri aðilar eru tilbúnir að styrkja það.
- Vinna hófst í ágúst 2004 og er lengst komin á slóðum Ingólfs í Noregi. Þar hafa verið haldnir fundir með ferðamálafulltrúum, fulltrúum fylkisins og sveitastjórna og einstaklingum í ferðapjónustu sem vilja byggja upp starfsemi sína á söguslóðum Ingólfs.
- Markmiðið er að byggð verði upp hágæða ferðapjónusta með upplýsingum um íslenskar söguslóðir.
- Í Noregi er vinnan í kringum síldina ekki komin jafn langt, en ljóst er að Kystmuset i Florø kemur til með að gegna þar veigamiklu hlutverki.
- Unnið að því að hinn forni þingstaður, Gulapíngið, verði opnaður í ágúst á næsta ári og af því tilefni vilja Norðmenn bjóða fyrirmönnum þjóðarinnar til Noregs til að vera viðstaddir opnunina.

- Á næsta ári kemur út bók, bæði á norsku og íslensku um samskipti þjóðanna frá upphafi.
- Bók Þorgríms Gestssonar “Ferð um fornar sögur, í fótspor Snorra Sturlusonar” kemur út á norsku.
- Bæ Atla jarls á Osen á að grafa upp 2005. Á Osen er einnig að finna fleiri fornminjar.
- Reiknað er með að upplýsingasöfnun og skipulagningu fyrir þemapakka fyrir Íslendinga sem ferðast á slóðir Ingólfs og til síldveiðibæjanna verði lokið vorið 2005.
- Ferðir með íslenska ferðamenn verði reyndar síðsumars 2005 í Noregi í tengslum við opnun Gulapingsins.
- Sambærilegar ferðir Norðmanna til Íslands þrífurkeyrðar sumarið 2005 eða 2006. Endurmat og endurskipulagning haustið 2006. Lok verkefni áætluð 2007.



*Norðmenn stunduðu síld-, þorsk- og hvalveiðar á Íslandsmiðum og reistu víða bækistöðvar. Ein þeirra stærstu var á Ísafirði.*

Á fundi norska verkefnishópsins sem haldinn var í lok nóvember kom fram sú hugmynd að æskilegt væri að reisa “Íslandshús” í Rivedal. Þar yrði hægt að fá allar upplýsingar um Ísland, búsetu, sögu og samskipti þjóðanna frá upphafi til dagsins í dag. Í janúar fóru fulltrúar Ísafjarðar, Siglufjarðar og Seyðisfjarðar til Florø og skoðuðu síldarslóðir, funduðu með norskum þátttakendum verkefnisins og tóku þátt í ferðaráðstefnu í Bergen.